

Félagsfundur

Félags forstöðumanna ríkisstofnana



Grand Hótel Reykjavík

13. desember 2017

Dagskrá

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Nýtt hlutverk FFR, starfsmaður, húsnæði og fleira
3. Fjármál FFR
4. Vinna við nýtt starfsumhverfi – staðan
5. Mögulegar tillögur stjórnar FFR að lagabreytingum
6. Framhaldsaðalfundur FFR, lok janúar
7. Umræður

2. Nýtt hlutverk FFR, starfsmaður, húsnæði

Nýtt hlutverk samkvæmt lögum

- Virk þátttaka í mótun og þróun á vinnuumhverfi forstöðumanna til skemmri og lengri tíma.
- Þjónusta forstöðumenn þegar upp koma ákveðin álitamál með því að kalla eftir rökstuðningi og veita viðkomandi forstöðumanni nauðsynlega aðstoð við úrlausn álitaefna.
- Styðja við forstöðumenn í að aðlagast nýju umhverfi með fræðslufundum og annarri upplýsingagjöf.
- Hafa eftirlit með framkvæmd launasetningar með því að kalla eftir samantekt frá miðlægri einingu um framkvæmd.
- Framkvæma könnun meðal félagsmanna varðandi einstaka þætti vinnuumhverfisins.
- Sýna frumkvæði með því að kalla eftir endurskoðun á launum vegna verulegra breytinga á launum í þjóðfélaginu eða á störfum forstöðumanna.

2. Nýtt hlutverk FFR, starfsmaður, húsnæði

- Jóhanna Áskels Jónsdóttir, lögfræðingur, hefur verið ráðin í 50% starf fyrir FFR
- Leigð hefur verið skrifstofuaðstaða hjá Neytendasamtökunum, Hverfisgötu 105, skrifstofa, aðgangur að fundarherbergi ofl.
- Kostnaður við þetta um 700.000 kr/mánuði
- Önnur verkefni starfsmanns:
 - Undirbúa stjórnarfundir með formanni
 - Fundarritari á stjórnarfundum
 - Skipuleggja fræðslufundi og félagsfundi
 - Undirbúa aðalfund
 - Halda utan um félagatal
 - Innheimta félagsgjöld
 - Almenn upplýsingagjöf til félagsmanna
 - Heimasíðan - viðhald og þróun
 - Utanumhald tengt réttindum félagsmanna

3. Fjármál FFR

- Nú fær FFR 0,4% af útgreiddum heildarlaunum forstöðumanna greitt frá Fjársýslu ríkisins, en til stendur að hækka þetta hlutfall í 0,7%, sem verður um 15 m.kr á ári
- FFR fékk nú í desember 5.000.000 kr styrk frá Starfsmenntunarsjóði embættismanna (fékk einnig sömu upphæð fyrir rúmu ári) og hefur styrkurinn staðið undir ráðgjöf vegna vinnu við nýtt starfsumhverfi forstöðumanna
- Fjárhagsleg staða FFR er góð, en mörg verkefni þarf að vinna

4. Vinna við nýtt starfsumhverfi - staðan

- Unnið er að nýrri Stjórnendastefnu ríkisins, nær yfir mun fleiri en félaga í FFR
- Vinna við kortlagningu “Kjörmynd stjórnenda” og “Matsramma”, haldnir hafa verið þrjár félagsfundir/vinnustofur um þetta
- Vinna er að hefjast við aðra starfsbundna þætti, sérstaklega varðandi hreyfanleika í starfi og starfslok

KJÖRMYND STJÓRNENDA

Til að takast á við þær áskoranir sem stjórnendastörf hjá ríkinu fela í sér þurfa einstaklingar sem þeim sinna að hafa til að bera **heilindi** og **leiðtogaþæfni**, leggja áherslu á **árangursmiðaða stjórnun**, auk þess að rækta með sér góða **samskiptaþæfni**.

HEILINDI

Vinnur ávallt með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi og forðast sérhagsmuni.

Traustverðug/ur, nýtur trausts stjórnvalda, í samfélaginu, hjá samstarfsfólki og samstarfsaðilum.

Háttvís í framkomu og í samskiptum.

Sýnir stjórnvöldum hollustu.

Fylgin/n sér, hefur úthald til að klára verkefnin.

LEIÐTOGAHÆFNI

Ábyrgð:

Sýna ábyrgð í verki á þeim verkefnum sem viðkomandi er falið að sinna og byggja upp öflugna liðsheild.

Framsýni:


Leggja mat á stöðuna hverju sinni með greiningu gagna og tengslum við notendur. Gera viðeigandi ráðstafanir til að geta tekist á við framtíðarverkefni með öflugum hætti í síbreytilegu umhverfi.

Stefnumótun:

Móta metnaðarfulla framtíðarsýn í takt við áherslur í málaflokknum og marka leiðina þangað með gerð stefnumótandi áætlana.

Forysta:

Vera í fararbroddi og leiðandi á sínu sviði og þannig hrífa samstarfsfólk og aðra samstarfsaðila með sér.



ÁRANGURSMIÐUÐ STJÓRNUN

Áætlanagerð og forgangsröðun:

Festa í sessi ferli áætlanagerðar þar sem tekið er mið af gildandi stefnu og áhersla lögð á að ná settum markmiðum. Taka erfiðar ákvarðanir um forgangsröðun þannig að markmið nái fram að ganga.

Skilvirk stýring verkefna:

Tryggja skilvirka framkvæmd áætlana með beitingu viðeigandi aðferðafræði við stjórnun verkefna og eftirfylgni með innleiðingu þeirra.

Nýsköpun:

Huga stöðugt að og skapa nýjar leiðir til að leysa verkefni af hendi og takast á við nýjar áskoranir með því að sýna frumkvæði og skapa hvata til nýsköpunar innan stofnunar og meðal samstarfsaðila.

Hagkvæmni í rekstri:

Skipuleggja starfsemi með sem hagkvæmustum hætti þannig að áhersla sé fyrst og fremst lögð á kjarnastarfsemi.

SAMSKIPTAHÆFNI

Uppbygging og þróun mannaúds:

Þjálfa og efla starfsfólk með það að markmiði að það öðlist þekkingu, viðhorf og sjálfstraust til að ná árangri í starf. Koma auga á hæfileika starfsfólks og veita þeim umboð til athafna. Veita góðri frammistöðu athygli og taka á slakri frammistöðu.

Jákvæð og hvetjandi samskipti:

Skapa jákvæða menningu á vinnustaðnum og blása eldmóð í starfsfólk til að standa sig vel. Vanda til allra samskipta við notendur og samstarfsaðila með góðri fyrirmynd og leiðbeiningum.

Uppbygging árangursmiðaðs samstarfs:

Skilgreina mikilvæga samstarfsaðila, bæði innan ríkiskerfisins og utan og efla samstarf við þá, m.a. með það að markmiði að fá yfirsýn yfir það sem er að gerast á viðkomandi fagsviði.

Upplýsingamiðlun og gagnsæi:

Tryggja öflugt upplýsingaflæði bæði innan stofnunar og við hagaðila. Viðhafa gagnsæi í ákvarðanatökum og gera viðeigandi gögn aðgengileg.

Dagskrá

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Nýtt hlutverk FFR, starfsmaður, húsnæði og fleira
3. Fjármál FFR
4. Vinna við nýtt starfsumhverfi – staðan
5. Mögulegar tillögur stjórnar FFR að lagabreytingum
6. Framhaldsaðalfundur FFR, lok janúar
7. Umræður

5. Mögulegar tillögur að lagabreytingum

Stjórn hefur fremst íhugað þrjár megin hugmyndir að breytingum á lögum FFR:

- Tillaga 1: Ákvæði til bráðabirgða verða flutt inn í megin texta laganna; almenn tiltekt
- Tillaga 2: Ákvæði er varða nýtt hlutverk sett inn í 2. gr. (Tilgangur félagsins..) og 3. gr. (Félagsmenn eru..)
- Tillaga 3: Að gerðar verði breytingar á því hvernig formaður og stjórn sé kosin, að kjörnefnd óski eftir framboðum, sendi út stuttar lýsingar á frambjóðendum og kosning fari fram á netinu, að stjórnarmenn sitji í 2 ár með mögulegri 2 ára framlengingu, stjórnarmenn verði 7 talsins, 4 kosnir annað hvert ár, 3 kosnir hitt árið

6. Framhaldsaðalfundur FFR í lok janúar

- Aðalfundi FFR sem haldinn var 31. maí síðastliðinn var frestað, svo að hægt væri að gera breytingar á lögum félagsins, vegna breytinga á lögum um kjararáð
- Ætlunin var að halda framhaldsaðalfund í haust, en gildistöku laga um kjararáð var síðan frestað til 1. janúar 2018
- Stjórn FFR ákvað því að halda framhaldsaðalfund í lok janúar, til að auka möguleika á umræðu félagsmanna um m.a. breytingar á lögum

Dagskrá

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara
2. Nýtt hlutverk FFR, starfsmaður, húsnæði og fleira
3. Fjármál FFR
4. Vinna við nýtt starfsumhverfi – staðan
5. Mögulegar tillögur stjórnar FFR að lagabreytingum
6. Framhaldsaðalfundur FFR, lok janúar
7. Umræður

7. Umræður

Umræður!